



Bæjarstjórn Blönduóssbæjar FUNDUR – 16. janúar 2007

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar kom saman til áttunda fundar þriðjudaginn 16. janúar 2007 kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33. Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stjórnaði honum. Mæting er samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Fundargerð bæjarráðs frá 15. desember sl.
2. Fundargerð bæjarráðs frá 28. desember sl.
3. Fundargerð bæjarráðs frá 10. janúar sl.
4. Fundargerð fræðslunefndar frá 14. desember sl.
5. Fundargerð menningar- og fegrunarnefndar frá 12. desember sl.
6. Fundargerð menningar- og fegrunarnefndar frá 19. desember sl.
7. Fundargerð menningar- og fegrunarnefndar frá 9. janúar sl.
8. Fundargerð skipulags-, byggingar- og veitunefndar frá 9. janúar sl.
9. Fjárhagsáætlun 2007 – fyrirtæki og stofnanir Blönduóssbæjar ásamt þriggja ára áætlun – síðari umræða.

Afgreiðslur:

1. Fundargerð 15. fundar bæjarráðs í níu liðum frá 15. desember sl. kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin borin undir atkvæði. Hún var samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.
2. Fundargerð 16. fundar bæjarráðs í tíu liðum frá 28. desember sl. kynnt og tekin til afgreiðslu. Fram var lögð svohljóðandi tillaga: *Bæjarfulltrúar A og D lista vilja að skoðaðir verði til hlítar kostir þess að byggð verði 25 metra sundlaug á Blönduósi. Annað væri slys. Við gerum því að tillögu okkar að sundlaugin verði 25 x 11 eða 25 x 8 metrar.*

Greinargerð:

Á síðustu árum hafa fjölmörg sveitarfélög byggt upp sundlaugar. Við þær útisundlaugar sem byggðar hafa verið í bæjarfélögum af svipaðri stærð og Blönduós hafa menn horft fram á við og byggt 25 metra laugar enda er verið að fjárfesta í mannvirki sem standa mun um ókomin ár. Má þar nefna Borgarnes, Stykkishólm, Vesturbyggð, Laugar í Þingeyjarsýslu, Eskifjörð og fjölmarga aðra staði. Á Blönduósi er hitaveita og ölla aðstaða til íþróttaiðkunnar til mikillar fyrirmyndar. Það mun því skjóta skökku við ef ekki verður lokið við íþróttahöllina okkar með byggingu á 25 metra sundlaug sem skapar okkur forsendur til að bjóða upp á skemmtilega keppnis- og afþreyingarlaug við þjóðveginn. Það er þá betra að fresta framkvæmdum.

Undir þessa tillögu rita þau Ágúst Þór Bragason, Sigurlaug Markúsdóttir og Valdimar Guðmannsson.

Þá óskaði Valdimar Guðmannsson eftir svohljóðandi bókun vegna 8. liðar b.: *Á síðasta kjörtímabili voru laun kjörinna fulltrúa Blönduóssbæjar hækkuð verulega eða á bilinu 20 – 50%. Rökin voru þá að um leiðréttingu væri að ræða og þau færð til samræmis við ákveðin sveitarfélög. Nú er aftur lögð til leiðrétting uppá 20% hækkun á sama*

tíma er almennum launþegum og atvinnuleysingjum úthlutað um 3% hækkun. Ég tel að með þessari hækkun sé bæjarstjórn Blönduóss að misnota gróflega aðstöðu sína til að ákvaða eigin launagreiðslur. Um leið gefur hún almennum launþegum elli- og örorkuþegum ásamt atvinnulausum langt nef. Svona gera menn ekki.” Bókunin er undirrituð af Valdimar Guðmannssyni.

Meirihlutinn óskaði eftir svohljóðandi bókun vegna liðar 8.a. Meirihluti bæjarstjórnar vill taka fram að búið er að leggja mikla vinnu í að kanna með rekstrarkostnað sundlauga af ýmsum stærðum. Kostnaðaráætlanir voru kynntar fulltrúum allra flokka í bæjarráði í haust. Það er á þessum áætlunum sem meirihluti bæjarstjórnar leggur til að ráðist verði í 16,7 x 10 metra laug en ekki 25 metra laug, þar sem rekstrarkostnaður þessara mismunandi stærða lauga skiptir verulegu máli í rekstri bæjarsjóðs í framtíðinni.

Þá óskar meirihlutinn eftir bókun vegna 8. liðar b.: Við vinnslu fjárhagsáætlunar 2007 voru kynnt laun bæjarfulltrúa í sex sambærilegum sveitarfélögum. Hækkanir greiðslna til kjörinna fulltrúa og nefndarmanna byggja á þeim samanburði og voru samþykktar samhljóða í bæjarráði 28. desember sl. Við þessa hækkun eru kjör fulltrúa sveitarfélagsins síst hærrí en í sambærilegum sveitarfélögum.

Þá var óskað eftir svohljóðandi bókun: Bæjarfulltrúar D og Á-lista hafna alfarið röksemdum E-listans um að stærri laug hafi veruleg áhrif á rekstrarkostnað bæjarsjóðs. Samkvæmt framlögðum gögnum á fundi bæjarráðs þann 28/12 sl. voru lagðar fram upplýsingar um orkukostnað mismunandi sundlauga. Þar kemur fram að árlegur kostnaður við að byggja 25 metra laug er 385.000 kr. dýrari á ári. Það er óverulegur mismunur á rekstrarkostnaði. Það skýtur því skökku við að á sama fundi hafi verið samþykkt að hækka greiðslur til bæjarfulltrúa um að minsta kosti 600 þúsund á ári.

Forseti bar nú upp tillögu Á- og D-lista vegna sundlaugar. Tillagan var felld með 4 atkvæðum gegn 3.

Þá var fundargerðin borin upp og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

3. Fundargerð 17. fundar bæjarráðs í níu liðum frá 10. janúar sl. kynnt og tekin til afgreiðslu. Fram var lögð tillaga vegna 7. liðar, svohljóðandi: *Tæknideild er falið að ganga frá samningi um afnot af leigulandi á grundvelli tillögu sem liggur hér fyrir.*

Jóna Fanney Friðriksdóttir vék af fundi vegna skyldleika við málið. Tillagan borin undir atkvæði, hún var samþykkt með 5 atkvæðum, 1 sat hjá. Valdimar Guðmannsson óskaði eftir að bókað væri að hann situr hjá við afgreiðslu tillögunnar. Þá var fundargerðin borin upp og

samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða, þó með þeim fyrirvara að Jóna Fanney greiðir ekki atkvæði um 7. lið.

4. Fundargerð fræðslunefndar frá 14. desember í fjórum liðum kynnt og tekin til afgreiðslu. Valdimar Guðmannsson óskaði eftir að bókað væri eftirfarandi: *Undirritaður mótmælir harðlega framlengingu á þeirri þjónustuskerðingu sem leikskólinn Barnabær hefur viðhaft að undanfögnu varðandi opnunartíma skólans. Þessi skerðing á opnunartíma leikskólans kemur mjög illa við ýmsa útvinnandi foreldra. Þá tel ég verulega hættu á að ungt fjölskyldufólk sem vili flytja til Blönduóss hætti við, eftir að hafa kynnt sér opnunartíma leikskólans.*

Fundargerðin borin upp, hún var samþykkt með 7 samhljóða atkvæðum.

5. Fundargerð menningar- og fegrunarnefndar frá 12. desember sl. í tveimur liðum kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin var samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.
6. Fundargerð menningar- og fegrunarnefndar í tveimur liðum frá 19. desember sl. kynnt og afgreidd. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.
7. Fundargerð menningar- og fegrunarnefndar í þremur liðum frá 9. janúar sl. kynnt og afgreidd. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða
8. Fundargerð skipulags- byggingar- og veitunefndar í fjórum liðum frá 9. janúar sl. kynnt og tekin til afgreiðslu. Tæknideild er falið að láta ljúka vinnu við deiliskipulag Brautarhvamms sem hér liggur fyrir til umsagnar á grundvelli teikninga frá Stoð ehf. Fundargerðin borin undir atkvæði og hún var samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða. Jóna Fanney Friðriksdóttir óskar eftir að bókað sé að hún situr hjá við afgreiðslu 2. liðar og önnur mál b. vegna skyldleika við málefni.
9. Síðari umræða – fjárhagsáætlun 2007, fyrirtæki og stofnanir ásamt þriggja ára áætlun. Jóna Fanney bæjarstjóri kynnti áætlunina og fór yfir einstaka liði hennar. Talsverðar umræður urðu um áætlunina. Óskað var svohljóðandi bókunar: *Meirihluti bæjarstjórnar Blönduóss hefur með ákvörðun sinni um hækkun á fasteignaskatti sett Blönduós á þann stall að vera með hvað hæst gjöld á íbúa þegar öll fasteignatengd gjöld eru tekin saman. Samkvæmt meðfylgjandi töflu eru fasteignaskattur, vatnsgjald og holræsagjald 18% hærri á Blönduósi en í Skagafirði. Hlutfallið er 8% hærra en í Húnaþingi vestra. Bæjarfulltrúar D- og Á-lista mótmæla harðlega skattahækkunum E-listans.* Undir bókunina rita þau Ágúst Þór Bragason, Sigurlaug Markúsdóttir og Valdimar Guðmannsson.

Óskað var eftir svohljóðandi bókun vegna fjárhagsáætlunar 2007: *Fjárhagsáætlun 2007 sýnir í raun gjörbreytta stöðu bæjarsjóðs. Skuldir hafa lækkað og skapast hefur svigrúm til framkvæmda. Að þessu stóð öll bæjarstjórn Blönduósbæjar þegar teknar voru ákvarðanir um sölu eigna til að bæta fjárhagsstöðuna. En breyttir tímar þýðir ekki að hægt sé að fara fram með offorsi. Fjárhagsleg geta bæjarins er ekki mikil og allir stjórn málaflokkar innan bæjarstjórnar hafa bent á að mikilvægt sé að varðveita þann árangur sem náðist. Ábyrgð kjörinna bæjarfulltrúa er því mikil. Að mati okkar er farið of geyst af stað, svigrúm til fjárfestinga upp á 100 milljónir á árinu 2007 þýðir að skuldir munu hækka að nýju. Að okkar mati hefði verið vænlegra að dreifa fjárfestingum á lengra tímabil, og leggja frekar fyrir til að mæta stórum fjárfestingum sem framundan eru. Bæjarfulltrúar D og Á-lista lýsa yfir stuðningi við byggingu sundlaugar enda verði byggð a.m.k. 25 x 8 metra sundlaug og framkvæmdum sveitarfélagsins þannig hagað að skuldasetning verði ekki úr hófi. En þar sem E-listafólkið hefur ákveðið að leggja upp í byggingu á minni sundlaug (16,7 x 10) og auka skuldsetningu án þess að leitað sé leiða til hagræðingar, munu bæjarfulltrúar D- og Á-lista sitja hjá við afgreiðslu fjárhagsáætlunar 2007.*

Meirihluti bæjarstjórnar óskaði eftir svohljóðandi bókun. *Það sýnir málefnafátækt og ósamræmi í málflytningi minnihlutans að vilja annars vegar fara í stærri mannvirkjagerð með tilheyrandi auknum rekstrarkostnaði sundlaugar, en hins vegar setja skorður á auknar tekjur bæjarsjóðs. Meirihluti bæjarstjórnar hefur vandlega yfirfarið og borið saman gjaldtöku nágrannasveitarfélaga og sér ekki að Blönduósbær sé í fjárhagsáætlun 2007 að fara fram úr því sem er að gerast í nágrannasveitarfélögum eða sveitarfélögum af sambærilegri stærð. Það er markviss vilji meirihluta bæjarstjórnar að efla samkeppnishæfni sveitarfélagsins.*

Forseti bar nú upp fjárhagsáætlun 2007, fyrirtæki og stofnanir. Hún var samþykkt með 4 atkvæðum, 3 sátu hjá.

Þriggja ára áætlun var vísað til annarrar og síðari umræðu.

Fleira var ekki gert, fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundi slitið kl. 20:00.

Ragnar Ingi Tómasson (sign.)

*Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)
Valgarður Hilmarsson (sign.)
Nína Margrét Pálmadóttir (sign.)
Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.)
Ágúst Þór Bragason (sign.)
Sigurlaug Markúsdóttir (sign.)
Valdimar Guðmannsson (sign.)*